



Reykjavík 16. ágúst 2018.

Efni: Beiðni um rökstuðning

Óskað hefur verið eftir rökstuðningi fyrir því álitni að fundur skipulags- og samgönguráðs þann 15. ágúst sl. hafi verið löglega haldinn þrátt fyrir ágalla á fundarboði.

Í ritinu „Sveitarstjórnarréttur, fundir og fundarsköp“ eftir Gunnar Eydal, á bls. 37 -38 er fjallað um lögmæti fundar.

Þar segir eftirfarandi: „Fundur í sveitarstjórn er almennt löglegur til töku bindandi ákvarðana sé löglega til hans boðað. Í þessu felast þær grundvallarkröfur að réttur aðili boði til fundar, fundarstaður og fundartími sé tiltekinn og hann sé boðaður með réttum hætti. Að öðrum kosti er kjörnum fulltrúum ekki skylt að mæta. Ber þeim að gera athugasemdir við fundarboð verði því við komið, ef þeir hyggjast mótmæla lögmæti fundar sem þannig er boðað til.“ bls. 37.

„Hvað varðar nefndir og ráð sveitarfélagsins er skylt að boða áheyrnarfulltrúa og aðra þá sem rétt hafa til fundarsetu í nefndum og ráðum samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarfélagsins. Almennt getur það þó ekki valdið ógildi fundar þótt fundarboð til þessara aðila hafi farist fyrir.“ bls. 38.

Í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar fengu tveir fulltrúar ekki fundarboð innan þess sólarhrings frests sem tilskilinn er á fundarboði, þau Baldur Borgþórsson, áheyrnarfulltrúi og Hildur Björnsdóttir, fulltrúi sjálfstæðisflokksins, en tölvupóstföng þeirra höfðu misritast í fundarboði.

Fundarboð var sent þann 13. ágúst kl. 13:56 sem er meira en lögbundinn fyrirvari. Athugasemdir bárust við fundarboð þann 14. ágúst kl. 12:31 og voru veittar skýringar af hálfu Reykjavíkurborgar samdægurs kl. 12:47 og kl. 12:55. Þann 14.8. kl. 12:56 barst svar frá Eyþóri Laxdal Arnalds svohljóðandi: „*Sæl Marta. Takk fyrir að bregðast við þessu en það er mjög óheppilegt að fundarboð berist ekki til fundarmanna og dagskrá hafi ekki farið út fyrr en núna. Varðandi gögnin sýnist mér vanta eitthvað af þeim. Þá sé ég ekki tillögu okkar um íbúðabyggð á “BSÍ reit” sem var frestað á síðasta fundi. Við óskum eftir að hún verði tekin fyrir eins og gert var ráð fyrir. Kk, Eyþór*“

Áheyrnarfulltrúinn sendi svo svar við skýringum kl. 12:57 þann 14. ágúst svohljóðandi: „*Allt í sóma Marta og bestu þakkir fyrir skjót viðbrögð kv. Baldur.*“

Þann 15. ágúst kl. 08:26 barst svo tölvupóstur frá áheyrnarfulltrúanum svohljóðandi: „*Núna kl.08:24 þann 15. ágúst, hefur mér enn ekki borist fundarboð svo þetta er ekki rétt hjá þér Örn. Ég verð því að gera athugasemd um lögmæti fundarins. Kv. Baldur*“


Ekki verður að framangreindum tölvupósti áheyrnarfulltrúans með óyggjandi hætti ráðið að hann hygðist mótmæla lögmæti fundarins og þó svo hefði verið verður að hafa það í huga sem fram hefur komið að almennt veldur það ekki ógildi fundar þó fundarboð misfarist til áheyrnarfulltrúa.




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Umræddir fulltrúar mættu engu að síður á fundinn. Það er því ekki að sjá, að ofangreindir meinbugir á fundarboði hafi á nokkurn hátt hamlað eða komið í veg fyrir fundarsókn umræddra ráðsmeðlima. Verður því ekki séð, að sá galli sé á fundarboðinu að valdið geti ólögmati fundarins og er það því mat undirritaðra að fundurinn hafi verið löglegur.

F.h. skrifsofu sviðsstjóra,


Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri


Harri Ormarsson, hdl.